

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 12. febrúar 2019 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Steinunn Stefánsdóttir. Ármann ritaði fundargerð.

### 1. Málræktarþing 2019, framhaldsumræður.

Rætt var um fyrirhugað málræktarþing í lok september og undirbúning þess. Ákveðið var að bjóða Lars Trapp Jensen sem gesti og rætt var um íslenska fyrirlesara sem þekkja vel til orðabókarvinnu og gætu orðið 5-6. Ákveðið var að halda málræktarþingið í Þjóðminjasafni.

### 2. Fundur með ráðherra 20. febrúar.

Guðrún og Hilmar mæta á fundinn ásamt Ágústu. Rætt verður um endurskoðun málstefnunnar, samstarf við ráðuneytið, aðgerðaráætlun í kjölfar þingsályktunar um íslensku og ekki síst aukið vægi íslensku í kennaranámi og stöðu nemenda með annað móðurmál.

### 3. Þátttaka í CLARIN.

Borist hefur erindi frá CLARIN á Íslandi um samstarf enda hafi báðir aðilar hug á landsaðgangi að málföngum og orðasöfnum á einum stað. Málið var reifað og ákveðið að sækjast eftir frekari upplýsingum frá CLARIN.

### 4. Textun sjónvarpsefnis.

Íslensk málnefnd fékk fyrirspurn frá Silju Pálmarsdóttur varðandi skort á íslenskum textum á sjónvarpsefni. Lögð voru drög að svari.

### 5. Málfregnir og leiðbeiningar til höfunda.

Vinna við seinustu tvö hefti Málfregna hefur reynst umfangsmikil. Ákveðið var að semja leiðbeiningar um frágang greina.

### 6. Fyrirhugaður netverksfundur á Grænlandi í ágúst.

Enn er óljóst hvort fundurinn verður þar vegna kostnaðar og óhagræðis eða í Svíþjóð. Málið ætti að skýrast hvað úr hverju.

### 7. Önnur mál

a) *Umsögn vegna þingsályktunartillögu um íslensku.*

Stjórn málnefndarinnar sendi inn umsögn um tillöguna. Formaður og varaformaður mættu í kjölfarið á fund hjá allsherjar- og menntamálanefnd.

b) *Frumvarp til stjórnskipunarлага.*

Málnefnd barst þetta frumvarp til umsagnar. Ekki þótti þörf á að senda inn umsögn.

c) *Fundur í málnefndinni.*

Stefnt er að fundi í fullskipaðri málnefnd miðvikudag 27. mars kl. 15.30.

d) *Íslenskt táknmál.*

Formaður sótti málþing um íslenskt táknmál.

e) *Mjólkursamsalan.*

Samkvæmt upplýsingafulltrúa Mjólkursamsölnunnar munu 20 ár liðin frá upphafi samstarfs Íslenskrar málnefndar og Mjólkursamsölnunnar. Rætt var um að boða upplýsingafulltrúann á næsta fund.

f) *Málþing um íslenskukennslu.*

Hilmar sagði frá því málþingi þar sem hann verður með erindi og er haldið 21. mars í Hörpu.

Fundi lauk kl. 16.00.

Guðrún Kvaran  
sign.

Ármann Jakobsson  
sign.